

hafnar, eins og vindstöðu var háttað í umrætt skipti. Að þessu athuguðu þykir rétt að telja hjálp þá, sem Þyrill veitti, björgun, og er þá jafnframt haft í huga, að í marzmánuði er allra veðra von hér við land.

Samkomulag er um það milli aðilja að reikna verðmæti hins bjargaða kr. 450.000.00. Björgunin var auðveld, en v/s Þyrill tafðist vegna hennar um 12½ klukkustund. Það verður eigi talið, að Þyrill legði sig eða farm sinn í neina hættu við björgunina.

Að þessu og öllum aðstæðum athuguðum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, og eru þar meðtaldar bætur fyrir skemmdir á dráttarvír Þyrils. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 3500.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Lárus Arnórsson f. h. h/f Núps, eiganda v/s Ernu, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 40.000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1950 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. maí 1955.

Nr. 173/1954. **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Jóhannesi Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Heimtar eftirstöðvar hásetahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 23. október 1954, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Jóhannesi Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 12. október 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 12. október, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem sjódomsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 28. f. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 1. júní s.l., af Jóhannesi Jónssyni sjómanni, Öldugötu 7, Hafnarfirði, sem gerir þær stefnukröfur, að bæjarútgerð Hafnarfjarðar verði gert að greiða honum kr. 656.00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Það hefur verið ákveðið samkvæmt ósk umboðsmanna aðilja að skipta málinu þannig, að fyrst verði dæmt um greiðsluskyldu hins stefnda útgerðarfélags samkvæmt 71. gr., 5. mgr., laga nr. 85/1936 með áskildum rétti til að ræða síðar kröfuupphæð og annað, er hana varðar.

Af hálfu hins stefnda útgerðarfélags er krafizt algerrar sýknu og að því verði tildæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Þann 17. júní 1950 lagði b/v Júlí af stað í veiðiferð til Bjarnar-eyja og stundaði veiðar á Hvítahafsmiðum júní- og júlímánuð. Stefndandinn, Jóhannes Jónsson, var skráður háseti í veiðiferð þessari og telur, að hann hafi ekki fengið enn greiddan lifrarhlut sinn að fullu. Að vísu hafi útgerðin greitt hlut af þeirri lifur, sem aflaðist á skipið í þessari ferð og hirt var, en ekki hluta af lifur þess fisks,

sem varpað var fyrir borð aftur, en það telur hann að hafi verið engu minna en lifur sú, sem hirt var, en það voru 133 tonn. Stefnandinn telur það leiða af 2. gr. samnings frá 25. marz 1949, sem þá var í gildi milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, að honum beri hlutur af lifur alls þess fisks, sem aflað var, eins þess, er varpað var fyrir borð aftur.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lifrarpremían eigi aðeins að miðast við lifur úr þeim fiski, sem aflaðist og var hirtur sem verðmæti í umræddri veiðiferð og annar skilningur á 2. gr. tilvitnaðs kjarasamnings fái ekki staðilt. En upphaf 2. gr. togarasamnings frá 25. marz 1949 segir svo: Á salt og ísfiskveiðum skal greidd aukapóknun, kr. 140.00 án verðlagsuppbótar, af hverjum 165.9 lítrum lifrar úr öllum fiski, sem veiðist á skipið og innbyrtur er.

Ágreiningurinn í máli þessu snýst því um það, hvernig skilja megi orðin „fiski, sem veiðist á skipið og innbyrtur er“, hvort það eigi einnig við þann fisk, sem varpað er fyrir borð sem ónothæfum.

Dómarinn verður að telja, að tilvitnað orðalag taki yfir allan þann fisk, sem veiðzt hefur og verið innbyrtur, án tillits til þess, hvort honum síðar hefur verið varpað fyrir borð sem ónothæfum. Orðalagið er ótvírætt, og ekkert hefur verið tilfært, sem bendi til þess, að það megi skilja og skýra á annan hátt en orðanna hljóðan inniheldur.

Þá hefur af hálfu stefnda verið haldið fram, að krafan væri niðurfallin fyrir vangeymslu.

Ekki verður á það fallt, þar sem stefnandinn hefur, eftir að í ljós kom, að stefndi taldi sér eigi bera að greiða kröfu þessa, gert ráðstafanir í tæka tíð til málshöfðunar, sem enn er eigi leidd til lykta.

Ber því að taka kröfu stefnandans í þessum hluta málsins til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, skal skylt að greiða stefnandanum, Jóhannesi Jónssyni, hlut af lifur úr þeim fiski, sem aflaðist í veiðiferð b/v Júlí á Hvítahafsmiðum í júní og júlímánuði 1950 og varpað var fyrir borð aftur.